

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

annars vegar

og

Félag skipstjórnarmanna

hins vegar

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

vegna Landhelgisgæslu Íslands

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. ágúst 2010 til 31. janúar 2011 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatöflur félagsins samkvæmt grein 1.1.1 verða óbreyttar á tímabilinu.

Til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á sambærilegum töxtum á almennum markaði og hjá ríkinu munu skipstjórnarmenn fá greiddar þrjár greiðslur; eina 1. nóvember næstkomandi að upphæð 114.000 kr. og síðan tvær að upphæð 57.000 kr. hvor, aðra 1. desember 2010 og hina 1. janúar 2011. Réttur til þeirra er í samræmi við starfshlutfall í ágúst og september fyrir þá fyrstu, október fyrir þá næstu og nóvember fyrir þá þriðju. Á þær reiknast ekki orlof.

Þessar greiðslur verða hluti af launagrunni við samningsgerð fyrir 1. febrúar 2011, þó að teknu tilliti til heildarsamræmis launasetningar útgerðarinnar.

3. grein

Heildarsamningur

Aðilar ætla að fram til 1. febrúar nk. verði unnið að gerð heildarsamnings Félags skipstjórnarmanna og fjármálaráðherra sem taki til alls samningssviðs skipstjórnarmanna hjá ríkinu.

Markmiðið er að gera miðlægan grunnsamning sem innihaldi stofnanapátt sem tryggir sveigjanleika í rekstri þeirra stofnana sem í hlut eiga. Einnig að einfalda launasamsetningu og framsetningu vinnutíma með áherslu á hlut grunllauna.

Til að auðvelda breytta launasamsetningu mun núverandi fastlaunakerfi í kjarasamningi og samningum stofnunar falla úr gildi við lok þessa samningstímabils, þ.e. ekki verður þörf á sérstökum uppsögnum þeirra ákvæða. Þó verður greitt eftir núverandi ákvæðum eftir 1. febrúar 2011 þar til samningar hafa náðst.

Til að ljúka ofangreindum verkefnum tímanlega munu aðilar gera heildstæða verkáætlun fyrir miðjan október 2010. Þar verður meðal annars fjallað um aðkomu annarra hlutaðeigandi aðila.

4. grein

Samþykkt kjarasamnings

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu svo fljótt sem auðið er. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 15. október 2010 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 24. september 2010

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Sverrir Jónsson (sign.)
Ágústa H. Gústafsdóttir (sign.)

F.h. Félags skipstjórnarmanna
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Ægir Steinn Sveinþórsson (sign.)
Viggó M. Sigurðsson (sign.)

Bókanir
með kjarasamningi
FS og fjármálaráðherra vegna LHG
24. september 2010

Bókun 1

Vegna óleystra ágreiningsmála sem aðilar fresta eru aðilar sammála um að félagsmenn FS fá sérstaka greiðslu að upphæð 50.000 kr. sem greidd verði 1. desember næstkomandi. Á hana greiðist ekki orlof og hún greiðist hlutfallslega eftir starfshlutfalli í ágúst.

Bókun 2

Verði gerðar breytingar á kjarasamningum á almennum markaði í tengslum við sjómannaafslátt eru aðilar sammála um að fylgjast með og meta áhrif þeirra á kjör félagsmanna.